

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, og Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Afboða, mæta ekki : Árni Stefánsson, Júlía Þorvaldsdóttir

Fundur 21.09.2023 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Farið var yfir niðurstöður könnunar sem gerð var innan hreyfingarinnar um AMÍ og staðsetningu mótsins. Í kjölfar könnunar var ákveðið að AMÍ fyrirkomulag yrði óbreytt og mótið haldið í Reykjanesbæ á næsta ári. Tvær umsóknir bárust um að halda SMÍ frá ÍRB og SH. Lagt er til að SH taki mótið og rætt verður við þá um það. Að öðru leiti er búið er að ræða við SH um að halda ÍM25 og IMOC og SRR (Sundráð Reykjavíkur) munu vonandi halda með okkur ÍM50 og Bikar. Staðfestingar hafa borist frá SH en beðið er eftir svörum frá SRR.
- b. Íslansmótið í sjósundi/Viðavatnssundi fór fram fimmtudaginn 20. júlí. Þáttaka var góð og vel tókst til með mótið.
- c. Farið var yfir tillögu að breyttu orðalagi reglugerðar um félagaskipti sem samþykkt var á síðasta sundþingi. HO og VG fengu það hlutverk að fara yfir reglugerðina sem var samþykkt af stjórn.
- d. Skýrsla mannvirkjanefndar hefur verið send til Jakobs Jóhanns fyrir lokafrágang.
- e. Bréf barst frá ÍSÍ til sérsambanda um að tilnefna fólk í nefndir á vegum ÍSÍ. SSÍ tilnefnir Júlíu Þorvaldsdóttur í nefnd um stjórnarhætti, Hörð Oddfríðarson í hóp um upplýsinga og fjölmiðlamál og Jakob Jóhann í nefnd um mannvirki.
- f. Leifur Guðni fór yfir útlit á nýrri heimasíðu sem áætlað er að opni í okt/nóv.
- g. Waterpolo – Taka upp þráðinn með Mladen og komast í samband við Leonardo sem er yfirmaður Waterpolo mála hjá European Aquatics.
- h. Formaður fór yfir það helst af fundum af ársráðstefnu LEN sem fór fram síðustu helgi á Madeira í Portúgal. Nafni LEN hefur verið breytt í European Aquatics og sama breyting verður gerð á öllum álfusamböndum í takt við breytingar á heimssamtakana úr FINA í World Aquatics.
- i. Farið yfir skýrslur frá HO vegna WA congress í sumar og HM garpa.
- j. Farið yfir ferðaskýrslur frá Bjarney frá verkefnum sumarsins frá NÆM, Taastrup open og æfingabúðum Tyrklandi.
- k. Formaður gerði einnig grein fyrir fundi með NSF (Norræna samstarfsins) sem haldin var í tengslum við ráðstefnuna á Madeira. Formennska NSF fór úr höndum Færeyinga í hendur Dana samkvæmt fyrirfram ákveðinni róteringu embættisins annaðhvert ár.
- l. G7 samstarf nokkura íþróttasambanda tóku sameiginlega undir yfirlýsingu ríkis, borgar og annarra samtaka um hinsegin mál og fræðslumál og birtu á heimasíðum sínum.
- m. Rædd var hugmynd um að efla vitund fólks á sundiþróttinni í gegnum samfélagsmiðla. Rætt um að fá félögin í lið með okkur í þessum efnunum.

3. Afreksmál

Farið var yfir ítarlega skýrslu frá Eyleifi um landsliðstarfið á síðasta ári og því helsta framundan á því næsta.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Fari var yfir 119. fundargerð dómara nefndar frá 11.september 2023
Viktoría og IHA ákveða hvaða dómara fara í hvaða verkefni m.v umsóknir.

5. Staðfesting meta

50 metra laug

Íslandsmet Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jörunnardóttir	Alborg	00:54,74	27.07.2023	Fukuoka
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jörunnardóttir	Alborg	01:58,14	27.07.2023	Fukuoka
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jörunnardóttir	Alborg	01:57,96	27.07.2023	Fukuoka

50 metra laug

Íslandsmet Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

Unglingamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m flugsund	Vala Dís Cicero	SH	01:03,44	08.07.2023	Jonkoping

Aldursflokkamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
400m skriðsund	Hólmar Grétarsson	SH	04:08,86	24.07.2023	Maribor
200m skriðsund	Magnús Víðir Jónsson	SH	01:57,07	27.07.2023	Maribor
400m fjórsund	Hólmar Grétarsson	SH	04:35,30	28.07.2023	Maribor

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Kristín Rebekka Gunnarsdóttir	KR	Ægir	01.09.2023	01.10.2023
Benedikt Már Þorvaldsson	Óðinn	Ármann	06.09.2023	05.10.2023
Þórey Ísafold Magnúsdóttir	KR	Ármann	28.08.2023	27.09.2023

3. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
11.09.2023	Vinnuhópar á vegum ÍSÍ	HG ÍSÍ
09.06.2023	Nordic Open Master	MK
04.07.2023	Bókun um Íslandsmótið í Víðavatnssundi	HO
14.09.2023	Bréf frá Helgu Dögg Sverrisdóttur	HDS



4. Önnur mál:

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00